

Alþingi
Erindi nr. P 140/932
komudagur 25.1.2012

Alþingi
b.t. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur, forseta Alþingis
v/Austurvöll
150 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is


Reykjavík, 19. ágúst 2011

Tilvísun: 2011070792VEL/--

Þann 8. júlí 2011 barst Persónuvernd beiðni um umsögn um tillögur Stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá. Því miður reyndist stofnuninni ekki unnt að ljúka við umbeðna umsögn sína áður en að Stjórnlagaráð lauk störfum.

Stjórn Persónuverndar ræddi tillögur Stjórnlagaráðs á fundi sínum þann 17. ágúst síðastliðinn og ákvað, þrátt fyrir framangreint, að veita umsögn um tillögurnar. Í ljósi þess að Stjórnlagaráð hefur lokið störfum var ákveðið að umsögn yrði send Alþingi og fylgir hún hjálögð.

Virðingarfyllt


Vigdís Eva Línal

Hjálagt: Umsögn Persónuverndar, dags. 17. ágúst 2011.
Afrit: Salvör Nordal, Grenimel 3, 107 Reykjavík.

Alþingi	
Málsnr. 1108061	Ábm.
Mótt. 31. ágú. 2011	Aðrir
Málalykill 0.331	Fskj.

Alþingi



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 17. ágúst 2011

Tilvísun: 2011070792VEL/--

Persónuvernd hefur borist ósk um umsögn um tillögudrög Stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá. Í þeim er að finna tillögur að ákvæðum fyrir nýja stjórnarskrá hvað varðar skoðana- og tjáningarfrelsi, upplýsingafrelsi og frelsi fjölmiðla.


Stofnunin vill koma eftirfarandi á framfæri. Bæði í núgildandi stjórnarskrá og drögum að tillögum Stjórnlagapings er að finna ákvæði um friðhelgi einkalífs en þar kemur m.a. fram að friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu skuli tryggð. Ákvæðið kom nýtt inn með 9. gr. laga nr. 97/1995 en í athugasemdum er fylgdu frumvarpi því er varð að þeim lögum kemur fram að hugtakið friðhelgi einkalífs geti náð til vinnslu persónuupplýsinga. Í þessu sambandi veur Persónuvernd athygli á því að í nýrri mannréttindaskrá, s.s. 8. gr. mannréttindaskrár Evrópusambandsins, hefur sjálft ákvæðið um friðhelgi einkalífs verið gert skýrara að þessu leyti. Þar er tekið fram í textanum sjálfum að friðhelgin taki einnig til vinnslu persónuupplýsinga. Er lagt til að hér verði sambærileg breyting gerð.

Að því er varðar tillögur að ákvæðum um upplýsingafrelsi er minnt á þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands vegna EES samningsins. Samkvæmt honum ber Íslandi m.a. að virða ákvæði tilskipunar 95/46EB. Að mati Persónuverndar þarf að ígrunda vandlega hvort að ákvæði 7. gr. í drögum ráðsins fái örugglega samrýmst tilskipuninni eða séu of fortakslaus því augljóst er að frjáls söfnun persónuupplýsinga er hvergi heimil í hinum vestræna heimi.


Í Persónuvernd 17. ágúst 2011




Páll Hreinsson,
formaður



Aðalsteinn Jónasson



Ólafur Garðarsson



Haraldur Briem